



Þekking og færni - Virðing og vellíðan

Kennari: Matthildur Matthíasdóttir

Bekkur: 7.-10.

Tímafjöldi: Val, ágúst-júní. Tímabilið skiptist þannig að hver hópur fær 9 skipti, ein og hálf klukkustund á viku.

Kennslufyrirkomulag: Kennari og nemendur ákveða hvað er gert hverju sinni.

Heimilisfræði

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Námsgreininni er m.a. ætlað að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, góðu heilsufari, neytendavitund og verndun umhverfis. Kjarni heimilisfræðinnar er þekking og leikni í heimilisstörfum þar sem þættir eins og næringarfræði, matreiðsla og hreinlæti tengjast. Opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) um mataræði og næringu eru hafðar til hliðsjónar við kennslu í heimilisfræði.



DALVÍKURBYGGÐ

Þekking og færni - Virðing og vellíðan

Heimilisfræði

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: Að nemendur:	Leiðir:
Næring og hollusta		<ul style="list-style-type: none">– þekki helstu næringarefni fæðunnar og hlutverk þeirra	
Matreiðsla og vinnubrögð	<p>Gott og gagnlegt 2-3</p> <p>Ýmsar uppskriftir frá kennara og nemendum</p>	<ul style="list-style-type: none">– viti að matreiðsluaðferðir hafa áhrif á gæði og hollustu matarins– þjálfist í að skipuleggja með öðrum, útbúa og bera fram mat við ýmis tækifæri– tileinki sér góð vinnubrögð og rétta líkamsbeitingu– þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskrift– tileinki sér að fara eftir viðurkenndum kröfum um hreinlæti við matargerð– fái þjálfun í að matreiða venjulegt hráefni og nota krydd í hófi	<p>Verklegar æfingar</p> <p>Hópavinna</p> <p>Paravinna</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Sýnikennsla</p> <p>Spurt og spjallað</p>
Hreinlæti		<ul style="list-style-type: none">– tileinki sér hreinlæti við matreiðslustörf– öðlist færni í að þvo upp í höndum og halda hreinum tækjum og áhöldum– þjálfist í að sýna hreinlæti í verki við heimilisstörf	



DALVÍKURBYGGÐ

Þekking og færni - Virðing og vellíðan

		- geri sér grein fyrir því hvers vegna mikilvægt er að þvo upp samkvæmt ströngustu hreinlætiskröfum	
Neytendafræði og umhverfisvernd		- geri sér grein fyrir áhrifum auglýsinga á neyslu, m.a. matvæla	

Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið.
----------	---

Námsmat Dalvíkurskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu. Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- Framúrskarandi: ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur
- Hæfni náð: ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- Á góðri leið: ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- Þarfnast þjálfunar: ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði

-  Framúrskarandi
-  Hæfni náð
-  Á góðri leið
-  Þarfnast þjálfunar
-  Hæfni ekki náð